

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. júní 2009 02-2009060122
T-ums 26/09

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/239
komudagur 18.6.2009

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi - 53. mál,
þskj. 53.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 10. júní 2009 mótttekið bréf yðar þar sem embættinu er veittur kostur á að gefa umsögn um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 53. mál, þskj. 53, en um er að ræða frumvarp til heildarlaga um váttryggingastarfsemi sem koma eiga í stað laga nr. 60/1994, um sama efni.

Ríkisskattstjóri vill nota tækifærið og gera athugasemdir við VII. kafla frumvarpsins, um stjórn, endurskoðun og reikningsskil, 45.-47. gr., sem koma á í staðinn fyrir IV. kafla núgildandi laga nr. 60/1994. Ríkisskattstjóri starfrækir ársreikningskrá skv. lögum um ársreikninga en hlutverk ársreikningaskrár er m.a. að taka á móti ársreikningum félaga með takmarkaða ábyrgð eignaraðila og birta þá almenningi og hafa eftirlit með því að ársreikningar séu samdir í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, áður lög nr. 144/1994.

Þar sem um heildarendurskoðun laga um váttryggingastarfsemi er að ræða og um er að ræða endurnýjun ákvæða um reikningsskil sem sett voru með lögum nr. 60/1994, eða fyrir samþykkt laga nr. 144/1994, um ársreikninga, þarf að huga að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á ákvæðum laga varðandi reikningsskil félaga og endurskoðun reikningsskila frá þeim tíma þannig að ósamræmis gæti ekki milli laganna. Með lögum nr. 144/1994 voru sett heildarlög um ársreikninga félaga með takmarkaðri ábyrgð eignaraðila, þ.e. hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og gagnkvæm ábyrgðarfélög. Þessi lög hafa verið í stöðugri endurskoðun og síðast á árinu 2005 var samþykkt gagnger endurskoðun þeirra og voru þá jafnframt sett ákvæði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla skráðra félaga á skipulegum verðbréfamarkaði. Lögin voru, þannig breytt, gefin út að nýju sem lög nr. 3/2006, um ársreikninga. Einnig hafa verið sett ný heildarlög um endurskoðendur og endurskoðun. Það eru lög nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem koma í stað laga nr. 18/1997, um endurskoðendur.

Þar sem lög um ársreikninga fjalla almennt um samningu og innihald ársreikninga og endurskoðun þeirra er ekki talin ástæða til eða heppilegt að í sérlögum komi annað fram um reikningsskil en sem einkennir þá starfsemi sem frábrugðin eru almennum ákvæðum laga en almenn ákvæði laga um ársreikninga annars látin gilda. Skv. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að íslensk váttryggingafélög skulu rekin í hlutafélagiformi og falla því reikningsskil

vátryggingafélaga að lögum um ársreikninga.

Í VII. kafla frumvarpsins eru notuð orð og hugtök sem ekki eru notuð lengur í ákvæðum laga um ársreikninga eða laga um endurskoðendur eins og fram kemur hér á eftir. Ríkisskattstjóri telur rétt að orðanotkun sé samræmd.

- Í 45. gr. frumvarpsins eru ákvæði um samningu ársreiknings fyrir hvert ár og hann skuli hafa að geyma tilgreindar upplýsingar og vera gerður í samræmi við lög, reglur og „góða reikningsskilavenju og viðeigandi alþjóðasamninga og staðla“. Í lögum um ársreikninga eru ákvæði um að semja skuli árlega ársreikning fyrir hvert reikningsár og skuli hann hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi (sem ekki er í frumvarpinu), skýringar og skýrslu stjórnar. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á ársreikningum og undirritar hann. Ákvæði um „góða reikningsskilavenju“ er ekki lengur notað í lögum um ársreikninga, heldur er hugtakið „settar reikningsskilareglur“ notað sem nær yfir skilgreindar reglur sem reikningsskilaráð gefur út eða alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem gefnir hafa verið út hér á landi í formi reglugerðar. Þá er ákvæðið um „viðeigandi alþjóðasamninga og staðla“ óljóst. Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu öll félög sem eru skráð á opinberum verðbréfamarkaði semja ársreikning sína og samstæðureikninga, ef um þá er að ræða, samkvæmt settum alþjóðlegum reikningsskilareglum. Enn fremur hafa svo kölluð stór félög sem uppfylla tilgreind stærðarmörk laganna heimild til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðum. Þessi félög lúta eftirliti ársreikningaskrár varðandi beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Önnur félög eiga að semja ársreikninga sína í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ef hugmyndin með frumvarpinu er að vátryggingafélög skuli öll, án tillits til opinberar skráningar á almennum verðbréfamarkaði eða með tilliti til stærðarmarkaðs ársreikningslaganna, semja ársreikninga sína samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðum verður það að koma fram í sérlögum um vátryggingastarfsemi. Það sem eftir stendur í frumvarpsgreininni að mati ríkisskattstjóra með tilliti til framanritaðs eru ákvæðin um að almanaksárið skuli vera reikningsár vátryggingafélaga en ákvörðun um það er valkvætt í lögum um ársreikninga, um að ársreikningur skuli liggja frammi til afhendingar á afgreiðslusal vátryggingafélags eftir samþykkt hans á aðalfundi, en framlagning hans fyrir aðalfund eru ákvæði í lögum um ársreikninga, svo og um eftirlit Fjármálaeftirlitsins að teknu tilliti til athugasemda um „góða reikningsskilavenju og viðeigandi alþjóðasamninga og staðla“
- Í 46. gr. frumvarpsins eru ákvæði um kosningu endurskoðanda og endurskoðun ársreiknings. Samkvæmt lögum um endurskoðendur taka þau til endurskoðenda og starfa þeirra sem telst endurskoðun eins og hún er skilgreind í lögnum. Það geta ekki aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra kallað sig endurskoðanda og endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðunina. Lagt er til að fellt verði niður orðin „löggiltum“ og „löggiltur“ í 1. mgr. Enn fremur að í stað „Aðalfundur kýs endurskoðendur...“ í 1. mgr. komi: Aðalfundur kýs endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtæki... til samræmis við sams konar ákvæði laga um ársreikninga um kosningu endurskoðenda. Það er valkvætt hvort kosinn er endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki sem endurskoðandi er í fyrirsvari. Með þessu ákvæði ber vátryggingafélag án tillit til stærðar að kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki en samkvæmt lögum um ársreikninga er það valkvætt hjá


félögum sem eru undir tilteknum stærðarmörkum (minni félög). 2. mgr. greinarinnar er óþörf þar sem lög um endurskoðendur taka á þessum ákvæðum.

- Í 47. gr. kemur fyrir orðalagið „við góða endurskoðunarvenju“. Með lögum um endurskoðendur er fallið frá þessari orðanotkun því nú ber endurskoðendum að fara eftir viðurkenndum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Í lögum um endurskoðendur er fjallað um skyldur endurskoðenda á ítarlegan hátt og er því 1. mgr. óþörf og villandi. Varðandi tilvísun til „viðeigandi alþjóðasamninga og staðla“ vísast til fyrri athugasemda. Í 4. mgr. greinarinnar eru ákvæði um birtingu ársreiknings og virðist af orðalaginu að félaginu sé í sjálfsvald sett hvort það birtir ársreikning í styttri útgáfu eða óstyttri. Í lögum um ársreikninga eru skýlaus ákvæði að félög sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði svo og stór félög skulu birta ársreiknings sinn hjá ársreikningaskrá eins og hann er lagður fram á aðalfundi en minni félög mega birta ársreikning sinn í samandreginni útgáfu. Er því 4. mgr. ekki í samræmi við ákvæði laga um birtingu ársreikninga og er óþörf nema að tilgangurinn sé að váttryggingafélög án tillit til stærðarmarka laganna birti ársreikning eins og hann er lagður fram á aðalfundi félagsins. Verður þá að umorða málsgreinina og jafnframt fella niður orðið „löggilts“.

Að öðru leyti hefur ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Guðrún J. Jónsdóttir


Skúli Eggert Þorjónsson